



Rafveita Sauðárkróks Faxatorgi 550

sími 455-3000 fax 455-3029 tölvup. rafsa@skagafjordur.is

Alþingi
Erindi nr. P 126/2816
komudagur 6.9.2001

Sauðárkróki 04.09.2001

Alþingi – Iðnaðarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Nefndasvið

Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til raforkulaga

Rafveita Sauðárkróks þakkar fyrir það tækifæri sem enn gefst til að gera athugasemdir við frumvarp um raforkulög.

Við höfum á vinnslustigi frumvarpsins nýtt okkur þau tækifæri sem gefist hafa til að gera athugasemdir og koma með ábendingar um marga þætti frumvarpsins, en það eru okkur vonbrigði hversu lítið hefur verið tekið tillit til þeirra atriða sem við höfum viljað leggja áherslu á. Þau atriði verða ekki tíunduð hér, heldur vísað til fyrri bréfa.

Það er vissulega skoðun okkar að það sé fyllilega tímabært að gera róttækar breytingar á skipulagi orkuviðskipta hér á landi og færa þau til nútímahorfs með því að taka upp samkeppni á framleiðslustigi og á sölustigi raforkunnar og umgangast viðskiptin með rafmagn sem hver önnur viðskipti með vöru/þjónustu á frjálsum markaði.

Á því leikur enginn vafi að ekki næst ofangreint markmið öðruvísi en að gera Landsvirkjun að nokkrum óháðum hlutafélögum og búa þannig um hnúta að allir hafi söma möguleika á að koma að nýjum virkjunum á efnahagslegum forsendum.

Þá þarf að koma á nokkrum svæðisbundnum dreifiveitum allt í kringum landið, með hlutafélags formi. Jafnframt þarf ríkið að draga sig algjörlega

út úr dreifingarþættinum, en taka að sér meginflutningskerfið á grundvelli einkaréttar.

Þetta eru miklar breytingar miðað við núverandi kerfi, en sérstaða Íslands er sú að löggjafinn sem er að setja þessi nýju lög er jafnframt meirihluta eigandi í orkufyrirtækjum þjóðarinnar og getur því gert þessa nauðsynlegu forvinnu á mikið auðveldari hátt en í þeim löndum þar sem ríkisvaldið á einungis 30 % af framleiðslufyrirtækjunum og ekkert í dreifiveitunum.

Þessi mikilvæga forvinna löggjafans/ríkisvaldsins hefur ekki verið unnin og því er trúverðugleiki frumvarpsins ekki mikill með tilliti til þess að markmiðið er að koma á samkeppni í framleiðslu og sölu.

Við gerum ekki athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins, en vísum til okkar fyrri athugasemda og jafnframt í sameiginlegar athugasemdir orkufyrirtækjanna sem Samorka sendir frá sér.


Þó er rétt að hér komi fram að mikið ósamræmi er í því að samræmd gjaldskrá skal gilda í meginflutningskerfinu og í endanlegu dreifikerfi, en í flutningslínunum til Húsavíkur, Selfoss, Vestmannaeyja, Reyðarfjarðar og Sauðárkróks virðist sem enn eigi að vera í gildi hið hróplega ósamræmi að fyrir þennan flutning skuli greitt eftir annarri hugmyndafræði, s.br. 12.gr. 4.tl. frumvarpsins.

Þetta er atriði sem búið er að ræða um í meira en áratug og fyrir liggur bréf úr iðnaðarráðuneytinu, dags. 06.04.1989 til Landsvirkjunar þar sem lagt er til að þessu atriði verði breytt til samræmis við lög um Landsvirkjun. Í ljósi þess eru það mikil vonbrigði að í nýju lögnum skuli lagt upp með þetta ósamræmi. Bréf iðnaðarráðherra fylgir hér með í ljósriti og fer undirritaður eindregið fram á að þetta atriði verði leiðrétt í frumvarpinu.

Að lokum viljum við taka fram að við fögnum því að stefnt skuli að því að koma viðskiptum með rafmagn í nútímahorf. En jafnframt gerum við að tillögu okkar að þegar í stað verði teknar upp viðræður við þau sveitarfélög sem eiga dreifiveitur, um framtíðarskipan smásöludreifingar með rafmagn.

Virðingarfyllst

Fh. Rafveitu Sauðárkróks


Sigurður Agústsson Rafveitustjóri



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

Býarstjórn Sauðárkróks
Býarskrifstofur

550 SAUÐARKRÖKUR

TILV. RÁÐUNEYTIS

DAGS.

I/550.18

06.04.1989

I framhaldi af fundi nokkurra býarfulltrúa Sauðárkróks með mér í ráðuneytinu í dag, og með vísun til bréfs rafveitustjóra og veitustjórnar Sauðárkróks, dags. 13.02. s.l., lét ég hér með fylgja ljóserit af bréfi til Landsvirkjunar, dags. 03.04.1989.

Eins og fram kemur í bréfinu er unnið að þeirri lausn að rafveitur þar, sem nú kaupa raforku af Rafmagnsveitum ríkisins, komist í beint viðskiptasamband við Landsvirkjun.

Jón Sigurðsson

Tauk Styrkjónsson

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68

103 REYKJAVÍK

I/610

3. apríl 1989

Á undanförnum árum hafa flestar af þeim rafveitum sem kaupa raforku í heildsölu af Rafmagnsveitum ríkisins lýst óánægju sinni yfir því að Rafmagnsveiturnar séu milliliður. Þær benda á að þær þurfa að greiða hærri gjald fyrir raforkuna heldur en þær rafveitur sem kaupa beint af Landsvirkjun. Álagning Rafmagnsveitnanna á gjaldskrá Landsvirkjunar stafar af flutningskostnaði og töpum.

Ráðuneytið hefur fram að þessu frestað að taka á þessu máli þar sem unnið væri að endurskoðun á skipulagi orkumála. Ráðuneytið telur að milliliðalaus viðskipti Landsvirkjunar við allar almenningsveitur landsins sé í samræmi við lögin um Landsvirkjun. Þar sem sýnt er að fyrrgreind endurskoðun muni dragast telur ráðuneytið að ekki verði lengur dregið að fjalla um óskir um breytingar þannig að rafveiturnar komist í beint viðskiptasamband við Landsvirkjun. Eðlilegt má telja að slík breyting taki gildi í áföngum þannig að Landsvirkjun fjölgi sölupunktum sínum á næstu 3 til 5 árum.

Ljóst er að með fjölgun sölupunkta Landsvirkjunar eykst flutningskostnaður fyrirtækisins sem mæta þarf með hækkun gjaldskrár.

Í stað þess að fjölga sölupunktum gæti Landsvirkjun samið við Rafmagnsveiturnar um flutning frá núverandi sölupunktum til viðkomandi veitna.

Ráðuneytið óskar hér með eftir viðræðum við Landsvirkjun um ofangreint mál. Í þeim viðræðum myndu Rafmagnsveitur ríkisins einnig taka þátt.

F. h. r.

